

**ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS**  
**HALDINN MIÐVIKUDAGINN 25. APRÍL 2012 KL. 17:15**  
**Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA BORGARTÚNI 19**



Ásgeir Thoroddsen stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn og bauð sjóðfélaga vel-komna. Hann gerði tillögu um að Bjarni Þór Óskarsson hr. yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Bjarni Þór tók við fundarstjórn og lagði til að Helga Sveinbjörnsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykktta sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærar að afgreiða dagskrárefni. Í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru 47.307 skráðir sjóðfélagar og heildaratkvæðamagn þeirra 106.070 milljónir. Á fundinn var mætt af hálfu 60 sjóðfélaga og farið með 1.895 milljónir atkvæða eða 1,79% heildaratkvæða.

Lagði fundarstjóri til að liðir 1-2yrðu afgreiddir í einu lagi og opnað fyrir mælendaskrá að því loknu og voru engar athugasemdir gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

### **1. Skýrsla stjórnar**

Ásgeir sagði frá því að á árinu 2011 hafi Frjálsi lífeyrissjóðurinnverið valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi af fagtímaritinu InvestmentPensionEurope, þriðja árið í röð. Í umsögn dómnefndar kom fram að Frjálsi lífeyrissjóðurinn hafi skilað sjóðfélögum góðri ávöxtun þrátt fyrir erfiðar markaðs-aðstæður. Jafnframt var sjóðurinn valinn næst besti lífeyrissjóðurinn í þeim 9 Evrópulöndum sem eru með færri en 1 milljón íbúa. Þetta yrði að teljast mikil viðurkenning fyrir sjóðinn og rekstrar-aðila hans.

Ásgeir sagði hreina eign til greiðslu lífeyrishafa verið um 100 milljarða hjá Frjálsa í lok árs 2011 sem skiptast þannig að í séreignadeild sjóðsins voru um 77 milljarðar og 23 milljarðar í tryggingadeild. Sjóðurinn hefði stækkað mikið á undanförnum árum og hlutfallslega meira en aðrir lífeyrissjóðir landsins. Það gæfi til kynna góða ávöxtun og það traust sem sjóðfélagar hefðu á sjóðnum, því ekki væri skylduaðild að honum.

Ásgeir minnti á að í gildi hafi verið lög þess efnis að sjóðfélögum væri heimilt að óska eftir fyrirframgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar og hafi þessar heimildir sífellt verið rýmkaðar. Nú hefðu um 4.900 sjóðfélagar sótt um heimild til fyrirframgreiðslu. Meðalúttektarfjárhæð hafi numið tæplega 980.000 krónum en alls hefði verið sótt um heimildir fyrir tæplega 4,8 milljarða. Fjárfestingarleiðir sjóðsins væru allar vel í stakk búnar til að mæta þessu útflæði.

Ásgeir sagði Frjálsa leggja mikið upp úr því að veita sjóðfélögum góða þjónustu. Sjóðfélagar gætu fengið þjónustu hjá ráðgjöfum í útibúum Arion banka. Sjóðurinn haldi úti öflugri heimasíðu sem nýverið hafi verið uppfærð og gerð aðgengilegri og skilvirkari fyrir sjóðfélaga. Þá hefði Arion banki boðið upp á fræðslufundi um lífeyrismál. Fræðslufundir um útgreiðslurlífeyrissparnaðarhefðut.d. verið mjög vel sóttir og benti Ásgeir á að slíkur fræðslufundur væri fyrirhugaður í maímánuði.

Ásgeir lagði áherslu á að stöðugt væri reynt að auka gagnsæi í störfum Frjálsa lífeyrissjóðsins. Stór þáttur í því væri að birta á heimasíðunni ársfjórðungslega, ítarlegar upplýsingar um eignasamsetningu fjárfestingarleiða sjóðsins. Þar geti sjóðfélagar skoðað og metið sjálfstætt þær eignir sem stæðuað baki hverri leið. Sjóðurinn hefði verið brautryðjandi í þessum efnum og vonandi hefði þessi nýbreytni aukið traust sjóðfélaga á sjóðnum. Auk þess að senda út yfirlit og fréttabréf til sjóðfélaga tvisvar á ári þá gætusjóðfélagar nálgast útsend yfirlit í Netbanka Arion banka og yfirlit yfir tímabil að eigin vali. Þeir sem ekki vildufá yfirlit send heim á pappír gætujafnframt afþakkað heimsend yfirlit og látið nægja að nálgast þau í netbankanum.

Þá sagði Ásgeir frá því að Arion banki hefði ákveðið að skipta um lífeyriskerfi sem haldi utan um séreign og réttindi sjóðfélaga. Rekstur kerfisins væri samstarf nokkurra lífeyrissjóða. Þærbreytingar sem sjóðfélagar myndutaka eftir tengt þessu væru helstað sjóðfélagayfirlitin myndutaka lítilsháttar breytingum.

Ásgeir minnti á að stjórn sjóðsins hafi brugðist við neikvæðri stöðu sjóðsins á síðasta ári á þann hátt að lífeyrisréttindi áunnin 2010 og fyrr, og lífeyrir sem byggðist á réttindum sem aflað var 2010 og fyrr, hefðu veriðlækkuð um 0,75% mánaðarlega í 12 skipti. Þá hefðikomið í ljós á árinu aðréttindi sjóðfélaga í tryggingadeild hefðu verið rangt reiknuð í tölvukerfum sjóðsins í mörgum tilfellum. Það þýddi að einhverjirlífeyrisþegar hefðu þegar fengið greiddan of háan lífeyri sem leiðréttu þurfti. Vegna þessara mistaka hefði staðan í árslok 2010 réttilega verið mínuð 4,8% en ekki mínuð 6,9% eins og gert hafði verið ráð fyrir. Búið væri að framkvæma leiðréttingu vegna þessaog tók rekstraraðili sjóðsins, Arion banki, á sig þann kostnað sem hlaust af ofgreiddum lífeyri, eða um 4 milljónirkrána. Sjóðfélagar, sem þurfti að leiðréttu réttindi hjá, voru upplýstir um leiðréttunga á yfirlitum sem send voru vegna fyrstu 9 mánuða ársins 2011. Í langflestum tilvikum hefði veriðum óverulegar fjárhæðir að ræða en harmaði Ásgeir þau óþægindi sem leiðréttингin kynni að hafa valdið sjóðfélögum. Af þessu tilefni hefði verið gripið til aðgerða til að bæta innra eftirlit í tölvukerfum. Þar sem tryggingafræðileg staða sjóðsins væri nú nálægt jafnvægi hefði stjórn sjóðsins ákveðið að ekki yrðium frekari lækkanir að ræða þegar 12 mánaðarlegu lækkanirnar hafa runnið sitt skeið, í júlí á þessu ári.

Þá benti Ásgeir á að tryggingadeild Frjálsa veitti hæstu réttindi fyrir hverja krónu iðgjalds af lífeyrissjóðum með aldurstengda réttindaávinnslu.

Ásgeir kom inn á það að í febrúar 2012 hefði úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóðagefið útskýrslu um starfsemi lífeyrissjóða á árunum 2006-2010. Frjálsi var með 10. lægsta hlutfallslega tapið af þeim 30 sjóðum sem skýrslan náði yfir en sjóðurinn tapaði 17,8% af eignum sínum en að meðaltali nam tap lífeyrissjóðanna 28%. Enginn sjóður af stærð Frjálsa eða stærri tapaði hlutfallslega minna af eignum sínum. Hann sagði stjórn Frjálsa hafa farið ítarlega yfir niðurstöður skýrslunnar og tekið tillit til þeirra athugasemda sem þar komu fram en skýrslan væri að flestu leyti jákvæð hvað Frjálsa varðaði. Þó væru rangfærslur í skýrslunni eins og þegar hefði verið upplýst um bæði á vefsíðu sjóðsins og í skýrslu stjórnar í ársreikningi. Ef óskað yrði eftir að framkvæmdastjóri sjóðsins kynni nánar niðurstöður skýrslunnar þá myndi hann gera það í lok fundarins undir liðnum önnur mál.

Ásgeir sagði sífellt færast í aukana að stjórn málamenn horfi hýru auga til eigna lífeyrissjóðatil að bregðast við erfiðri stöðu þjóðarbúsins. Sem betur fer hefðufæstar þeirra hugmynda hlotið hljómgrunn en einhefði þó orðið að raunveruleika með lagasetningu síðasta vetur. Það var skattlagning á tryggingadeildir lífeyrissjóða til að fjármagna hlutdeild sjóðanna í sérstökum vaxtabótum. Gjaldfærsla í rekstri Frjálsa lífeyrissjóðsins vegna þessa var 15,7 milljónir í tryggingadeild. Lífeyrissjóðirnirmótmæltu harðlega þessari skattlagningu sem endaði með samningi við stjórnvöld um að lífeyrissjóðirnirmyndutaka þátt í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans gegn því að lagt yrði fyrir á haustþingi 2012 að fella brott ákvæði laganna um þessa skattlagningu. Stjórn Frjálsa ákvað að taka ekki þátt í þessum gjaldeyrisútboðum. Hún taldi hagsmunum sjóðsins betur borgið með því að halda erlendum eignum sínum. Þá hefðu stjórnvöld lækkað frádráttarbært iðgjald launþega í viðbótarlífeyrissparnað úr 4% í 2% og tók breytingin gildi um síðastliðin áramót. Sjóðfélagar þyrftuekki að breyta nágildandi samningum um viðbótarlífeyrissparnað, heldur hefði það verið í verkahring launagreiðenda að lækka sparnað sinna launþega niður í 2% af launum. Engin breyting hefði orðiðá mótfram lagi launagreiðenda en það væri 2% af launum skv. flestum kjarasamningum.

Ásgeir sagði stjórn sjóðsins skipaða sjö mönnum. Meirihlutinn, fjórir væru kosnir á ársfundi og þrír skipaðir af rekstraraðila sjóðsins, Arion banka. Á fundinum nú yrðu tveir stjórnarmenn kosnir til tveggja ára. Þrír voru í framboði en einn hefði dregið framboð sitt til baka og því ljóst að sjálfkjörið yrði í stjórnina. Sömu sögu væri að segja um einn varamann sem kjósa skyldi, þar gæfi að eins einn kost á sér. Fram kom í máli hans að stjórnin héldi að jafnaði stjórnarfundi mánaðarlega en árið 2011 hafi verið haldnir 17 fundir og hefðu þeir aldrei verið fleiri á einu ári. Á fundum stjórnar væriræddur árangur í ávoxtun, ávoxtunarskýrslur, fjárfestingarstefna sjóðsins, áhættuskýrslur, samanburður við samkeppnisaðila, árshlutareikningar, fjárfestingarvalkostir, innra eftirlit

og ótalmargt fleira. Stjórnin fengi ítarleg gögn og umfjöllun frá sérfræðingum rekstraraðila sjóðsins.

Ásgeir sagði ársfund ákvarða laun stjórnarmanna. Árið 2005 hefði verið samþykkt á ársfundi að stjórnarlaun yrðu 75.000 krónur á mánuði og tvöföld til stjórnarformanns. Eftir bankahrunið hefði verið samþykkt tillaga stjórnar um tímabundna 10% lækkun stjórnarlauna en hún dregin til baka á síðasta ársfundi og hefðustjórnarlaun síðasta árs því verið 75.000 krónur á mánuði. Umtalsverð vinna og ábyrgð felist í stjórnarstörfum fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn og hefðihvoru tveggja aukist ár frá ári eins og sjá mættíá fjölgun stjórnarfunda. Bæði vegna aukins umfangs sjóðsins en eins vegna aukinna krafna frá eftirlitsaðilum. Værighorft til þróunar launavísitölu frá árinu 2005 til dagsins í dag sjáist að stjórnarlaun væru um 60% hærri en verið hefði, efþróun stjórnarlauna hefði fylgt þróun launavísitölu. Stjórn sjóðsins legði til að mánaðarlaun stjórnarmanna hækki um helming hækkunar launavísitölu frá árinu 2005 eða um 30% og yrðu 97.500 kr. og tvöföld til formanns. Jafnframt legðistjórnin til að laun varamanna fyrir hvern setinn fund yrðihelmingur af mánaðarlaunum aðalmannna en árslaun þó að lágmarki tvöföld mánaðarlaun aðalmannna. Væri það óbreytt fyrirkomulag frá síðasta ári en það þætti sanngjarnt að varamenn hefðu lágmarksþóknun þar sem þeir eins og aðalstjórnarmenn félluundir eftirlit FME og þyrftuað sinna því.

Ásgeir minnti á að stjórn sjóðsins hefðiverið mjög ákveðin og sammála strax eftir hrún um að ógætilegt væri að hreyfa við staðsetningu sjóðsins og rekstrarsamningi og vildi að Arion banki yfirtæki skyldur rekstraraðila. Fram kom á ársfundi síðasta árs að stjórn sjóðsins vildi ræða við bankann um gerð nýs rekstrarsamnings. Sá samningur læginú fyrir, undirritaður 1. febrúar s.l. Samningurinn kvæði á um áframhaldandi rekstur og eignastýringu sjóðsins hjáArion banka. Eftir að hafa farið ítarlega yfir skýrslu KPMG varðandi möguleg rekstrarform sjóðsins til framtíðar eins og farið var yfir á ársfundi sjóðsins og möguleikum sjóðsins til að starfa sjálfstætt, hugsanlega í samstarfi við aðra lífeyrissjóðihefðiþað verið sammála mat stjórnar að hagsmunum sjóðsins væri best gætt með samstarfi við Arion banka. Þessi nýi rekstrarsamningurfæli m.a. í sér lækkun á þeirri umsýsluþóknun sem sem sjóðurinn greiði til bankans. Frjálsi hefðikomið betur útúr bankahruninu en flestir aðrir lífeyrissjóðir og væri það aldrei of oft sagt. Þeir lykilstarfsmenn sem komið hefðu að rekstri og eignastýringu sjóðsins fyrir bankahrun störfuðuáfram við lífeyrismálhjáArion banka. Það væri stjórninni mikill styrkur. Hitt væri einnig gríðarlegur styrkur að hafa öflugan banka á bak við sig vegna aukinna krafna frá eftirlitsaðilum og krafna um sérfræðiþekkingu við val á fjárfestingum.

Loks sagði Ásgeir Frjálsalífeyrissjóðinnu veraum 100 milljarðar að stærð og áttunda stærstalífeyrissjóð landsins. Í nýja rekstrarsamningnum hefði verið samið um lægri umsýsluþóknun sjóðsins til bankans fyrir rekstur og eignastýringu. Þóknunin í eldri samningi hefði verið árangurstengd á bilinu 0,29%-0,59% af hreinni eign sjóðsins háð ávöxtun m.v.

viðmiðunarvísítölur sjóðsins. Nú hefðiverið fallið frá árangurstengingu og þóknunin tvískipt. Annars vegar greiddisjóðurinn árlega fasta þóknun sem nemi 170 milljónum á ári sem uppfærist m.v. launavísítölu og hins vegar árlega umsýslubóknun sem næmi 0,16% af hreinni eign sjóðsins. Með þessu fyrirkomulagi væri stefnt á að hlutfallslegur kostnaður sjóðsins lækkaðieftir því sem sjóðurinn stækkaði. Ákvæðið um umsýslubóknun væri afturvirkt frá því að stjórn sjóðsins óskaði eftir viðræðum og skilaði sjóðnum 59 milljónumkróna endurgreiðslu frá Arion banka.

Að endingu sagði Ásgeir samstarf stjórnarinnar hafa verið mjög ánægjulegt og þakkaði með-stjórnarmönnum sínum ánægjulegt samstarf. Þá þakkaði hann framkvæmdastjóra sjóðsins Arnaldi Loftssyni fyrir ósérhlífni í störfum og jákvætt viðhorf, viðhorfi sem liti til lausna en ekki vandamála. Einnig þakkaði hann Marinó Erni Tryggvasyni fyrir frábært samstarf. Hann sagði óhætt að segja að stjórnin bæri mikið traust til þeirra beggja og reyndar til allra starfsmanna sem að rekstri Frjálsa kæmu.

## 2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsinsför yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum.

Í máli Arnaldar kom m.a. fram að **iðgjöld og flutningar á séreign sjóðfélaga** hefðunumið alls 6,9 milljörðum og hækkaðum 13,8% á milli ára. Skýringin væri fyrst og fremst fleiri greiðandi sjóðfélagar og hærri laun sem greitt væri af til sjóðsins. **Lífeyrisgreiðslur** voru um 3,6 milljarðar og jukust um 43% á milli ára sem skýrðustaf því að sú séreign sem sjóðfélagar gætutekið út fyrirfram hækkaði úr 2,5 milljónum í 6,25 milljónir á árinu.

Þá hefðufjárfestingartekjur sjóðsins verið 9,8 milljarðar og hækkað um 39% á milli ára. Hluti fjárfestingarteknaværibreytingá niðurfærslum að fjárhæð 129 milljónir króna. Fjárfestingargjöld voru 289 milljónir og rekstrarkostnaður 154 milljónir. Stærsti hlutinn af fjárfestingargjöldunum væru 75% af umsýslubóknun sjóðsins til rekstraraðila en 25% af þóknuninni værifært undir liðinn Rekstarkostnaður. Heildarþóknun til rekstraraðila væri 360,1 milljón eins og sjá mætti í skýringu 18.

**Hrein eign** í árslok var 99,7 milljarðar sem skiptist þannig að 76,2 milljarðar tilheyrðu séreignardeildinni en um 23,5 milljarðar tryggingadeildinni. Hækjun á hreinni eign sjóðsins nam rúmum 12,7 milljörðum kr. og hrein eign frá fyrra ári var um 87 milljarðar. Stækkaði sjóðurinn því um 14,5% á árinu.

Þá fór Arnaldur yfir þróun á stærð Frjálsa lífeyrissjóðsins, helstu atriði efnahagsreiknings og sjóðstreymis.

Arnaldur sagði sjóðinn hafa verið um 1,5% af stærð lífeyriskerfisins árið 1999 en 4,8% í lok árs 2010. Þannig hefði sjóðurinn verið að stækka hlutfallslega meira en lífeyriskerfið á hverju ári nema á árinu 2007 en þá var ávöxtun sjóðsins lág. Stækkunin skýrðist einkum af fjórum liðum þ.e. iðgjöldum, ávöxtun, flutningum á séreignarsparnaði til sjóðsins og sameiningum við aðra sjóði. Frá bankahruni eða sl. 3 ár hefði sjóðurinn stækkað um 47%. Arnaldur sagði fjölda sjóðfélaga í árslok hafa verið 42.724, sem væri fjölgun um 2.092 á milli ára en árið áður hefði fjölguninnumið um 1.200 sjóðfélögum. Langflestir sjóðfélagar ættuinneign í Frjálsa 1 eða um 36.000 og um 31.000 sjóðfélagar ætturéttindi í tryggingadeild sjóðsins. Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld til sjóðsins voru um 10.800 og fjölgaði þeim um 800 á milli ára. Það væri ánægjulegt að sjá þessa þróun.

Varðandi sjóðstreymið þá vakti Arnaldur athygli á því að seld verðbréf væru alls 11 milljarðar sem má segja að værimjög lítið m.v. stærð sjóðsins. Einnig benti hann á að nýsjóðfélagalán hefðu numið um 372 milljónum og hækkað um 34% á milli ára sem sýndi talsvert aukna eftirspurn.

Arnaldur fór yfir sundurliðun lífeyris auk vaxtatekna og gengismunar.

**Staða gjaldmiðlasamninga:** Arnaldur benti á að í skyringu 23 á bls. 16 væru upplýsingar um þá gjaldmiðlasamninga sem ætti eftir að gera upp við Kaupþing. Miðað við að samningarnir yrðugerðir upp á gjalddaga þeirra þá næmiskuld sjóðsins við Kaupþing 1,75 milljarði að teknu tilliti til skuldajöfnunar. Skuldbinding vegna þessa í bókhaldi sjóðsins hækkaði úr 1,7 milljarði í 1,75 milljarða eða 0,2% á milli ára. Hækkunin stafaði af því að gert væri ráð fyrir að sjóðurinn greiddidráttarvexti til 28. febrúar 2011 en þá ákvað stjórn sjóðsins að hætta að reikna dráttarvexti á kröfuna. Ástæðan var sú að ef tækistað semja um greiðslu kröfunnar við Kaupþing mætti telja líklegt að samið yrðium vexti sem værulægri en bókaðir dráttarvextir sjóðsins. Ágreiningur væri uppi um á hvaða gengisvísitölu ættiað gera upp þessa samninga en Landssamtök lífeyrissjóðahefðukrafist fyrir hönd lífeyrissjóða að samningarnir yrðugerðir upp á gengisvísitölunni 175 sem værimun lægra en gengi á gjalddaga samninganna, sem var 200,5 og 217,3. Ef það yrði gert þá væri skuld sjóðsins vegna þessara samninga engin og ávöxtun sjóðsins myndi hækka. Í útreiknuðu gengi fjárfestingarleiða sjóðsins hefur verið gætt varúðar með því að taka tillit til krafna slitastjórnar og skilanefndar Kaupþings.

Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjáArion banka fór yfir þróun verðbréfamarkaða, ávöxtun og helstu fjárfestingar sjóðsins. Hann sagði að á heildina litið hefði

árið 2011 verið þokkalegt á fjármálamörkuðum. Þróun verðbréfamarkaða hefði haft mismunandi áhrif á fjárfestingarleiðir Frjálsa vegna ólíkra fjárfestingarstefna. Það að sjóðurinn hefði lagt mesta áherslu á verðtryggð skuldabréf í stað óverðtryggðraskýrði að mestu góða ávöxtun sjóðsins, en raunávöxtun allra leiða hafi verið jákvæð og væri það mjög ánægjulegt, en hæst nafnávöxtun var í áhættuminnstu leiðinni Frjálsa 3.

**Nafnávöxtun ársins 2011** var 9,5% hjá Frjálsa 1 (raunávöxtun 4,0%), 12,5% hjá Frjálsa 2 (raunávöxtun 6,9%), 14,7% hjá Frjálsa 3 (raunávöxtun 9,0%), 13,4% hjá Frjálsa Áhættu (raunávöxtun 7,7%) og 9,0% hjá Tryggingadeild sjóðsins (raunávöxtun 3,6%). Þess bæri að geta að skuldabréf í Tryggingadeild væru gerð upp á kaupkröfu en á markaðskröfu í séreignardeild og væru ávöxtunartölur því ekki samanburðarhæfar milli Tryggingadeilda og séreignadeilda. Áætlað markaðsvirði Tryggingadeilda væri tæplega 12% hærri en kaupvirði.

**Meðalraunávöxtun** á tímabilinu 1990-2011 var 4,5% hjá Frjálsa 1, en á tímabilinu 2002-2011 hefði meðalraunávöxtun verið 4,1% hjá Frjálsa 2, 5,3% hjá Frjálsa 3 og 2,0% hjá Tryggingadeild sjóðsins.

Marinó fóryfir helstu fjárfestingar ársins 2011, þróun nokkurra flokka í Frjálsa 1, sundurliðun skuldabréfa og eignasamsetningu hvarrar leiðar fyrir sig. Hann sagði litla veltu hafa verið á árinu 2011, einkum vegna þess að sama fjárfestingaráætlun hafi verið keyrð, þ.e. unnið út frá sömu greiningu, en eignastýringin hefði á undanförnum árum talið skynsamlegt að fjárfesta í löngum verðtryggðum tekjustraumum og það hefði ekki breyst enn.

Þá gerði Marinó ítarlega grein fyrir sundurliðun á niðurfærslu skuldabréfa. Hann sagði sjóðinn hafa valið að fara varfærna leið og eignir frekar verið færðar meira niður en minna með það að markmiði að viðlúkningu skuldamála yrði niðurstaðan jákvæðari en ella. Marinó fór yfir ávöxtunartölur Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2011 í samanburði við helstu samkeppnisaðila. Frjálsi lífeyrissjóðurinn væri hærri en Almenni lífeyrissjóðurinn og Íslenski lífeyrissjóðurinn í öllum leiðum nema Frjálsa 1, þar væri Íslenski lífeyrissjóðurinn að koma betur út. Þegar borin væri saman ávöxtun þessara þriggja sjóða á ársgrundvelli til 5 ára væri Frjálsi lífeyrissjóðurinn hins vegar að koma best út í öllum fjárfestingarleiðum og væri munurinn sláandi í áhættuminstu leiðunum.

Fram kom í máli Marinós að um þessar mundir væru lífeyrissjóðir að birta ávöxtunartölur til samanburðar á tryggingadeildum sjóðanna og enn sem komið er væri Frjálsi lífeyrissjóðurinn þar með fjórðu hæstu raunávöxtun ársins 2011 eða 3,6%. Þá sagði Marinó árið 2012 fara ágætlega af stað, en **nafnhækkun frá 31.12.2011 til 18.04.2012** væri 7,3% hjá Frjálsa 1 (raunávöxtun

4,8%), 5,0% hjá Frjálsa 2 (raunávöxtun 2,6%), 2,7% hjá Frjálsa 3 (raunávöxtun 0,4%), 6,0% hjá Frjálsa Áhættu (raunávöxtun 3,6%) og 4,5% hjá Tryggingadeild sjóðsins (raunávöxtun 2,2%).

*Ársreikningur var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.*

### **3. Kosning stjórnar og varamanna**

Næst var gengið var til sjöttaliðar á dagskrá, en engar athugasemdir voru gerðar við frávik frá dagskrá, þ.e. kosningar í aðalstjórn og varastjórn, en þar sem einnframbjóðandi af þremurhafðidregið framboð sittil baka, voru Ásgeir Thoroddsen og Bjarnar Ingimarsson sjálfkjörir í aðalstjórn sjóðsins til næstu tveggja ára. Selma Svavarsdóttir var einnig sjálfkjörin í varastjórn til eins árs, þar sem aðeins eitt framboð barst til varastjórnar.

### **4. Tryggingafræðileg athugun**

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins kynnti niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2011, en hann sagði að við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu tryggingadeilda sjóðsins um síðustu áramót hefði komið í ljós að heildarskuldbindingar umfram eignir hefðunumið um -0,4%, sem væri mun betri staða en undanfarin ár. Með heildarskuldbindingum væriátt við áunnar skuldbindingar vegna iðgjalda sem þegar hefðuverið greidd til viðbótar við framtíðarskuldbindingar vegna iðgjalda sem sjóðfélagar ættueftir að greiða. Áfallin staða væri -3,4% og framtíðarstaða væri 1,7%. Samanborið við aðra lífeyrissjóði, þá væri þetta með betri tryggingafræðilegum stöðum sem hefðu sést á árinu, enn sem komið væri. Bjarni sagði niðurstöðuna innan allra þeirra marka sem sett væru í lögum og samþykktum sjóðins og því ekkert sem skyldaði sjóðinn til að lækka réttindi frekar. Því væri mjög eðlilegt að láta staðar numið í lækkun lífeyris.

Þá sagði Bjarni tryggingafræðilega athugun vera samanburð á eignum lífeyrissjóðs við skuldbindingar hans til greiðslu lífeyrisþ.e. sýnduhvernig eignir sem fram kæmuí ársreikningi stæðuundir þeim loforðum sem samþykktir sjóðsins gæfu, til að standa undir lífeyrisgreiðslum. Ef eignir væru lægri en skuldbindingar, þyrftið lækka áunninn rétt eða hækka iðgjöld. Útreikningur væri miðaður við núverandi sjóðfélagaog mikilvægustu forsendurnar værulífslíkur, örorkulíkur svo og hjúskapur og barneignalíkur, vaxtaforsenda, en almennt væri miðað við 3,5% raunávöxtun.

### **5. Fjárfestingarstefna sjóðsins**

Marinó fór yfir þær breytingar sem gerðar voru á fjárfestingarstefnunni fyrir árið 2012 í desember síðastliðnum. Í **Frjálsa Áhættu** var vægierlendrahlutabréfaminnkaður 30% í 25% ogskráðinnlendhlutabréfaukinúmer 5% í 10%. Í **Frjálsa 1** var vægi erlendra hlutabréfa minnkað úr 30% í 25% og skráð innlend hlutabréf aukin úr 0% í 5%. Í **Frjálsa 2** var

vægierlendrahlutréfaminnkaður 8% í 6% ogskráðinnlendhlutabréfaukinúr 0% í 2%. Í **TryggingadeildFrjálsavar** vægi erlendra hlutabréf minnkað úr 10% 8% og skráð innlend hlutabréf aukin úr 0% í 2%.

Auk þess var floknum „Sérhæfðum fjárfestingum“ skipt upp í two flokka í Frjálsa Áhættu, Frjálsa 1, Frjálsa 2 og Frjálsa Tryggingadeild. Annars vegar „Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu“ og hinsvegar „Óskráð Innlend hlutabréf“. Þá var vikmörkum breytt lítillega í öllum leiðum.

## **6. Kjör endurskoðanda**

Stjórn sjóðsins lagði til að Deloitte yrði endurskoðandi sjóðsins.

*Tillaga stjórnar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum af þorra fundarmanna.*

## **7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins**

Arnaldur fór yfir tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins. Fundarstjóri lagði til að reynt yrði að greiða atkvæði með handauppréttingum og var það samþykkt og gert. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um tillögurnar, en enginn gerði það.

*Breytingartillögur stjórnar voru allar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum af þorra fundarmanna.*

Gerð er grein fyrir breytingartillögunum á sérstöku fylgiskjali með fundargerð þessari.

## **8. Laun stjórnarmanna**

Stjórn sjóðsins lagði til að laun stjórnarmanna hækkuðuum helming hækkunar launavísitölu frá árinu 2005 eða um 30% og yrðu 97.500 kr. og tvöföld til formanns. Jafnframt lagði stjórnin til að laun varamanna fyrir hvern setinn fund yrðu helmingur af mánaðarlaunum aðalmanna en árslaun þó að lágmarki tvöföld mánaðarlaun aðalmanna. Væri það óbreytt fyrirkomulag frá síðasta ári.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

## **9. Önnur mál**

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á að tjá sig um málefni sjóðsins undir þessum lið. Þá bauð hann fundarmönnum upp á að framkvæmdastjóri kynnti úttektarskýrslulífeyrissjóða, en þar sem enginn sýndi því áhuga, var það ekki gert.

Fleira var ekki fyrir tekið þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að hún yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins innan fárra daga. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála. Sleit að svo búnu fundi um kl. 18:48.

Bjarni Þór Óskarsson

fundarstjóri



Helga Sveinbjörnsdóttir

fundarritari

